

PHS

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN, KALKOFNSVEGI 1, 150 REYKJAVÍK, Sími 91-699500

18. desember 1992

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Alþingi við Austurvöll

Vísað er til fundar með efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis 14. desember síðastliðinn og bréfs Þjóðhagsstofnunar til nefndarinnar dagsett sama dag. Hér fara á eftir svör við þeim spurningum sem nefndin beindi til Þjóðhagsstofnunar.

1. Hvaða áhrif hefur álagning virðisaukaskatts á ferðaþjónustu á umsvif og atvinnu í greininni?

Í spám Þjóðhagsstofnunar um gjaldeyrstekjur af erlendum ferðamönnum er notaður verðteygnistuðullinn -1 og er þar stuðst við hagamælingar. Þetta þýðir að heildar- eftirspurn eftir ferðaþjónustu dregst saman um 1% fyrir hvern hundraðshluta sem verðlag á henni hækkar. Álagning 14% virðisaukaskatts á gistingu, fólksflutninga o.fl. nemur um 600 m.kr. eða 2-2,5% af heildarveitu í viðkomandi greinum. Ef rekstrar- aðilar heina öllum þessum kostnaði út í verð á þjónustu sinni þá dragast tekjur í greininni saman um rúmlega 2% skv. ofansögðu. Líklegra er þó að greinin taki skattlagninguna á sig að einhverju leyti þar sem mikill fastur kostnaður liggur oft á bak við reksturinn (t.d. rekstur gistihúsa og flug). Þetta gildir sérstaklega sé litið til skamms tíma, en til lengri tíma litið dregst framboð á þjónustu eitthvað saman og verðlag hækkar á móti kostnaðaraukanum, a.m.k. að hluta.

Ársverk í ferðaþjónustu (skv. skilgreiningu OECD) voru um 3.600 árið 1990. U.þ.b. 70 ársverk væru því efri mörk á fjölda glataðra starfa vegna álagningar VSK ef taka má mark á greiningunni að framan, en sennilega verða áhrifin minni, sérstaklega í bráð, en einnig í lengd. Í þessu sambandi skiptir auðvitað einnig máli hvað er gert á öðrum sviðum. Hér er verið að ræða virðisaukaskattsáhrifin ein sér, eins og heðið var um, án tillits til annarra aðgerða ríkisstjórnarinnar.

Þjóðhagsstofnun hefur ekki tók á að meta sérstaklega áhrif álagningar á VSK á umsvif einstakra greina innan ferðaþjónustu, en það er ljóst að þau eru misjöfn. Í þessu sambandi er þó rétt að benda á að greinar þar sem aðföng eru tiltölulega líttill hluti kostnaðar en fjármagnskostnaður og laun því meiri (t.d. rekstur gistihúsa) fara verr út úr þessari breytingu en greinar sem hafa mikil aðföng sem bera 24,5% VSK

sem kemur til frádráttar álögðum 14% VSK. Þetta skiptir einkum máli þegar til skamms tíma er litið. Sé litið til lengri tíma dregur úr þessum mismun þar sem hlutaðeigandi rekstur fær endurgreiddan VSK af fjárfestingarvörum.

Í lokin er hér minnt á bréf Þjóðhagsstofnunar til nefndarinnar dagsett 14. desember síðastliðinn. Þar er fjallað um áhrif aðgerða ríkisstjórnarinnar í heild en hér beinist athyglin að virðisaukaskattinum einum sér.

2. *Hvaða áhrif hefur álagning virðisaukaskatts á bækur, blöð og tímarit á umsvif og atvinnu í innlendri bókaerð?*

Innlendar bækur, tímarit og dagblöð eru undanþegin virðisaukaskatti. Útgáfufyrirtæki fá endurgreiddan innskatt af öllum aðkeyptum rekstrarfjármunum, vörum, vinnu, þjónustu og öðrum aðföngum. Erlendar bækur eru á hinn bóginn ekki undanþegnar skatti.

Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar um breytingar í skattamálum er fyrirhugað að leggja 14% virðisaukaskatt á innlendar bækur, tímarit, dagblöð, og áskrift að sjónvarpi og útvarpi. Fyrirtækjum í þessum greinum verður áfram heimilað að draga frá innskattinn.

Hér er gert ráð fyrir því að skattahækkunin komi að fullu fram í verði, og verð hækki því um 14%. Í þessu felst að ekki er gert ráð fyrir að fyrirtækin komi við hagræðingu í rekstri á móti eða að þau geti borið hluta af skattlagningunni sjálf.

Hækkun verðs um 14% mun draga úr eftirspurn eftir þessum vörum. Hver áhrifin verða ræðst af verðteygni varanna, en með því er átt við hlutfallið á milli hlutfallslegrar minnkunar eftirspurnar og hækkunar verðs. Verðteygnin var metin með athugun á sambandi neyslu á bókum, tímaritum og dagblöðum við verð þeirra og tekjur heimilanna á tímabilinu 1957 til 1987. Þessi athugun leiddi í ljós að eftirspurn minnkar í bráð um 0,8% fyrir hvert prósentustig sem verð varanna hækkar um.

Samkvæmt þessu má ætla að bóka-, blaða- og tímaritaútgáfa muni dragast saman um 10-11% í heild í kjölfar 14% verðhækkunar. Heildarvelta í bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu nam 6.400 milljónum króna á árinu 1991, samkvæmt virðisaukaskattskýrslum. Samdráttur um 10-11% svarar þá til tekjusamdráttar í þessum greinum um 650-700 milljónir króna. Ársverk í bóka-, blaða- og tímaritaútgáfu töldust 900 árið 1990. Ef fyrirtæki í þessum greinum bregðast við samdrættinum með því að draga úr starfsmannahaldi í hlutfalli við tekjuminnkun, myndi ársverkum fækka um allt að 100. Samdráttur í þessum greinum hefði óhjákvæmilega veruleg áhrif á prentiðnað, en ársverk í prentiðnaði eru um 1.200. Erfitt er að meta þau áhrif til fullnustu.


Rétt er að hafa fyrirvara á þessari áætlun. Sú forsenda að álagning virðisaukaskattsins leiði til 14% verðhækkunar gerir ekki ráð fyrir neinum hagræðingaraðgerðum eða kostnaðarlækkun af hálfu fyrirtækjanna, sem gerði þeim kleift að taka á sig hluta af skatthækkuninni. Hagræðing gæti tekið á sig ýmsar myndir, s.s. frekari fækkun ársverka, launalækkun í greininni, eða að hluti af starfseminni yrði fluttur úr landi. Síðasttalda atriðið kann að vera kostur fyrir tímaritaútgáfu. Að verulegum hluta eru erlend tímarit keypt í áskrift og send í pósti til áskrifenda hér á landi, en slík áskrift ber ekki virðisaukaskatt þar sem honum verður vart viðkomið. Engin fyrirstaða virðist fyrir því að íslensk tímaritaútgáfa gæti haft hér sama hátt á og flutt starfsemina að hluta til útlanda.

Verðteygnin er metin fyrir útgáfu í heild, en ekki fyrir einstakar vörur, dagblöð, bækur eða tímarit, en gera má skóna að því að verðteygni tímarita sé mikil og dagblaða tiltölulega lítil. Samdráttur á kaupum á bókum, blöðum og tímaritum leiðir til aukinna kaupa á öðrum vörum, hljómplötur eða -diskar eru nærtækt dæmi, svo og erlend tímarit og bækur. Umsvif í þeim greinum gætu því aukist. Á móti því vegur að útgjöld heimilanna til kaupa á prentuðu máli muni aukast, því verðhækkunin er meiri en samdráttur í sölu, og þar með má vænta að úr útgjöldum til annarrar neyslu dragi.

3. *Hver eru áhrif lækkunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði á byggingarstarfsemi?*

Lækkun endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarbyggingar úr 100% í 60% hefur töluverð áhrif á byggingarvísitölu til hækkunar. Þannig metur Hagstofan að þessi lækkun endurgreiðslu leiði til um 3% hækkunar byggingarvísitölu. Byggingarvísitalan vegur þriðjung í lánskjaravísitölunni og því hækkar lánskjaravísitalan um 1% af þessum sökum. Erfitt er að meta áhrifin á byggingariðnaðinn. Á undanförunum árum hefur orðið vart samdráttar í íbúðarhúsabyggingum sem aðallega hefur verið rakinn til þrenginga í þjóðarþúskapnum. Hækkun byggingarkostnaðar umfram það sem annars hefði orðið dregur að sjálfsögðu úr framkvæmdum við íbúðarhúsnæði. Það er hins vegar ákaflega erfitt að meta til talna hversu mikil áhrif 3% hækkun byggingakostnaðar hefur á fjárfestingu í íbúðarhúsum. Í þessu sambandi má nefna að í þjóðhagsáætlun var reiknað með því að fjárfesting í íbúðarhúsnæði minnkaði um 9% milli ára 1992 og 1993.

Virðingarfyllst,

  
Þórdur Friðjónsson